

8. Á Glettinganesgrunni á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 65°32'33 N - 12°26'34 V | 3. 65°23'99 N - 12°49'52 V |
| 2. 65°26'46 N - 12°11'41 V | 4. 65°33'64 N - 12°51'07 V |

III. Önnur ákvæði.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 1998. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 341, 5. júní 1997, um friðunarsvæði við Ísland, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um togveiðar á kolmunna.

1. gr.

Frá og með 1. september 1998 eru allar togveiðar á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands óheimilar. Leyfi til kolmunnaveiða, sem ráðuneytið hefur gefið út fyrir þann tíma, skulu gilda til 1. september 1998.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er Fiskistofu heimilt að veita leyfi til kolmunnaveiða með flotvörpu á svæði undan Suðurlandi austan 20°30'V og sunnan 65°00'N á dýpra vatni en 110 föðmum.

Ofangreind heimild veitir skipinu aðeins rétt til að stunda veiðar á þeim svæðum sem því er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 3. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með þeim takmörkunum sem slíkum veiðum eru settar í sérstökum reglugerðum og skyndilokunum.

Heimilt er ráðherra að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til kolmunnaveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

3. gr.

Skipum sem hafa leyfi Fiskistofu til kolmunnaveiða er heimilt að stunda kolmunna-veiðar jafnhliða almennum togveiðum, en skipstjórar skulu tilkynna fyrir fram til Landhelgisgæslunnar hverju sinni þegar þeir hefja veiðar á kolmunna og hvar veiðarnar fari fram. Þá skulu þeir tilkynna þegar veiðum á kolmunna er hætt hverju sinni.

4. gr.

Við færslu afladagbókar skal tilgreind dagsetning, nákvæm staðsetning veiðisvæðis, afls og dýpi í hverju togi. Enn fremur skal allur aukaafli skráður nákvæmlega.

5. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stk. af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útbúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

6. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til kolmunnaveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til kolmunnaveiða og ákvæðum laga og reglugerða sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til kolmunnaveiða.

7. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn á Landmannafrétti, Holta- og Landsveit.

Sveitarstjórn Holta- og Landsveitar samþykkti deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn á Landmannafrétti á fundi sínum 6. júlí 1998. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Holta- og Landsveit, 4. ágúst 1998.

F.h. sveitarstjórnar Holta- og Landsveitar,

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.